

Útilífsmiðstöð Hafnarfjarðar



Guðrún Snorradóttir 160960-2569

s. 848-5917

gudrunsnorradottir@gmail.com

Hulda Sólveig Jóhannsdóttir 061272-5779

s. 894-1741

huldasolveig@gmail.com

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Verkefnisstýrur	3
Markmið	4
Útilífsmiðstöð Hafnarfjarðar.....	4
Mögulegir staðir fyrir vísindakistur.....	4
Fyrir hverja eru vísindakisturnar?	5
Ávinningur samfélagsins.....	5
Hugmyndafræði	6
Fræðilegur bakgrunnur	7
Áhugaverðir samstarfsaðilar.....	8
Aðgerðaráætlun	8
Fyrsti hluti aðgerðaráætlunar	8
Annar hluti aðgerðaráætlunar	8
Þriðji hluti aðgerðaráætlunar	9
Kostnaðaráætlun	9

Inngangur

Útílífsmiðstöð Hafnarfjarðar er nýtt verkefni sem byggir á hugmyndafræði af svipuðu starfi hjá Reykjavíkurborg sem starfrækt er í Gufunesi en möguleiki er á víðari starfsemi. Sótt hefur verið um styrk í Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar og von er á svari á næstunni.

Í fyrsta hluta aðgerðaráætlunar er áhersla á undirbúningsvinnu og kortlagningu á grænum svæðum í bænum. Námsgögn verða gerð og þau sett í vísindakistur sem verða staðsettar þar sem skólar hafa greiðan aðgang að. Kynning og markaðsmál eru einnig áhersluatriði í fyrsta hluta aðgerðaráætlunar. Í frekari aðgerðaráætlun er markmiðið að auka verkefni og kistur og þannig byggja upp öflugan útikennslugagnagrunn fyrir Hafnarfjörð. Útikennslan verður í umsjón Útílífsmiðstöðvar Hafnarfjarðar sem mun þjóna öllum skólum bæjarins, frá leikskóla til framhaldsskóla.

Verkefnisstýrur

Að verkefninu vinna Guðrún Snorradóttir og Hulda Sólveig Jóhannsdóttir þær eru báðar menntaðir grunnskólakennarar og eru starfandi við grunnskóla í Hafnarfirði.

Guðrún við Hraunvallaskóla en er í launuðu námsleyfi í vetur og er að ljúka diploma í Hagnýtri heilsuefningu við HÍ en lauk M.ed 2010 frá sama skóla og hefur auk þess viðbótaramenntun í náms- og starfsráðgjöf. Guðrún hefur lengst af starfað í grunnskóla og þar af 14 ár við náms- og starfsráðgjöf. Stofnaði forvarnarverkefnið Flott án fíknar sem tekið var upp í mörgum skólum og varð síðar landsverkefni undir UMFÍ og starfrækt í um það bil 10 ár. Guðrún starfaði hjá UMFÍ nokkur ár og kom hún af stað og stýrði fyrstu þremur ráðstefnunum, Ungt fólk og lýðræði sem enn eru haldnar árlega fyrir ungmennaráð á landinu. Hefur verið starfsmaður, samstarfsaðili eða félagsmaður í mörgum félagasamtökum, s.s. UMFÍ, Skátunum, KFUM og KFUK, Íslenska Alpaklúbbnum, Ferðafélagi Íslands, Útivist og formaður Íbúasamtaka Engihjalla og vann þá að endurbótum á ímynd og útliti götunnar sem tók miklum stakkaskiptum á þeim árum. Er frumkvöðull að eðlisfari.

Hulda Sólveig Jóhannsdóttir er Íþróttifræðingur Bsc, heilsumarkþjálfari (IIN), stjórnsýslufræðingur (MPA) frá HÍ og diploma í Lýðheilsuvísindum frá sama skóla. Hulda hefur 30 ára kennslu- og þjálfunarreynsla. Hulda hefur mikla reynslu af innleiðingu og verkefnisstjórn ýmissa verkefna. Hún situr í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar, er varamaður í

Byggingar og framkvæmdarráði. Hulda situr í stjórn Íþrótt- og heilsubjálfarafélags Íslands, situr í starfshóp Heilsuefandi samfélags í Hafnarfirði og situr í innleiðingahópi hjá Embætti landlæknis á verkefninu JA CHRODIS+. Hulda er eigandi og starfsmaður heilsu- og lífsstíls ráðgjafafyrirtækis. Hulda skoðaði lýðheilsustefnu stjórnvalda í fræðilegu ljósi í MPA ritgerð sinni, með það að markmiði að auka þekkingu á framkvæmd og innleiðingu lýðheilsustefnu stjórnvalda.

Markmið

Markmið með Útilífsmiðstöð er að leiðbeina börnum og fullorðnum við að upplifa og finna til umhyggju og ábyrgðar gagnvart eigin umhverfi, auka umhverfis- og sjálfbærnitund. Í verkefninu verður náttúrufræði, reynslunám, útivera og heilsurækt fléttað saman sem stuðlar að betra samfélagi þar sem íbúar njóta og þekkja sitt nánasta umhverfi.

Útilífsmiðstöð Hafnarfjarðar

Ætlunin er að byrja smátt og vinna verkefnið í áföngum. Fyrst verða græn svæði í Hafnarfirði kortlögð og nokkrar vísindakistur settar víðs vegar um bæinn. Í hverri kistu eru tilbúin verkefni, tæki og tól sem kennarar/hópar geta fengið aðgang að. Upplýsingar um kisturnar verða á veraldarvefnum og áhugasamir þurfa að skrá sig en geta síðan mætt á staðinn með sinn hóp og unnið verkefni. Verkefni geta verið ýmskonar, s.s. árstíðabundin eða þematengd og flokkuð eftir skólastigum eða öðrum hópum eftir því sem verkefnið þróast. Til að byrja með verða útbúin verkefni fyrir grunnskóla en síðan fyrir leikskóla og framhaldsskóla eftir því sem tími og fjárhagur leyfa. Ef horft er til lengri tíma er áhugavert að fjölga verkefnum þannig að starfsmannahópar, sjálfboðaliðar, félagasamtök, eldri borgarar og ýmsir hópar gætu sótt í áhugaverð verkefni út frá tilteknum stöðum, t.d. varðandi merkingar og stígagerð. Einnig er horft til þess að útilífsmiðstöðin hafi starfsfólk sem vinni að fleiri verkefnum.

Mögulegir staðir fyrir vísindakistur

- Fjaran fyrir neðan golfvöllinn
- Ástjörn

- Ásfjall
- Hellisgerði
- Hvaleyjarvatn
- Lækurinn
- Höfnin
- Hamarinn
- Víðistaðartún
- Bláfjöll
- Seltún
- Kleifarvatn
- Krýsuvík
- Höfðaskógur

Fyrir hverja eru vísindakisturnar?

- Grunnskóla
- Leikskóla
- Framhaldsskóla
- Starfsfólk bæjarins
- Félagasamtök
- Sjálfbóðaliða
- Eldri borgara

Ávinningur samfélagsins

- Betri heilsa, meiri og betri félagsleg tengsl, betri umgengni, minni kostnaður varðandi heilbrigðisþjónustu og umhirðu umhverfis
- Bættir göngustígar og merkingar
- Efling sjálfbóðastarfs og sjálfbærum lausnum, s.s. varðandi útivist, stíga, merkingar, plökkun, viðburði
- Stuðningur við heilsueflandi skóla og heilsueflandi samfélag

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Útílfsmiðstöðvar vinnur út frá:

- Aðalnámskrá grunnskóla/leikskóla/framhaldsskóla
- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna – *Á síðu ráðuneytisins um heimsmarkmiðin er m.a. vísað í Aðalnámskrá grunnskóla og segir; “Heimsmarkmið 4 Menntun. Læsi er einn grunnþátta menntunar í aðalnámskrá með áherslu á mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar árið 2015 sýna að frammistaða íslenskra nemenda við lok grunnskóla er lakari en árið 2012. Læsi nemenda á náttúruvísindi hefur hrakað mikið á síðastliðnum áratug og læsi þeirra í stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003. Megináskorunin er að snúa þeirri þróun við en einkum er nauðsynlegt að grípa til aðgerða í námi á unglíngastigi, kennsluháttum á grunnskólastigi og faglegri starfsþróun kennara.”*
“Heimsmarkmið - 12 Ábyrg neysla og framleiðsla. Upplýsingar til almennings um sjálfbæra þróun og lífshætti í sátt við náttúruna.”
“Heimsmarkmið - 13 Loftslagsmál. Í íslenska skólakerfinu er nú lögð töluverð áhersla á sjálfbærnimenntun, þar á meðal menntun um loftslagsbreytingar. Samkvæmt aðalnámskrá er sjálfbærni ein af sex grunnstoðum menntunar á Íslandi.”
- Heilsuefandi samfélagi – Hafnarfjörður er þátttakandi í samstarfi við Embætti landlæknis
- Lýðheilsustefnu stjórnvalda 2016
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna – (*þar segir; 29. gr. 1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að: e) Að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.*)
- Skólustefnu Hafnarfjarðar – (*þar má finna eftirfarandi tilvitnanir; “Lögð sé áhersla á heilsusamlegt lífni, forvarnir og umhverfismennt.” “Stuðla ber að gönguferðum og annarri útivist.” “Nærumhverfi nemenda er mikilvægt fyrir þroska þeirra og góð lífsskilyrði. Með nemendum verði ræktuð þekking á heimabyggð þeirra og umhverfisvitund efla í tengslum við kynningu á menningararfinum. Nemendur þekki fortíðina, skynji samtíðina og sjái framtíðina fyrir sér á æskulóðum. Skólar skilgreini tengsl sín við sitt nánasta umhverfi í samhengi við skólastarfið. Stöðugt verði unnið að*

því að efla þekkingu, vekja virðingu og ábyrgðarkennd nemenda fyrir lífríki náttúrunnar.” “Nemendur öðlist góða þekkingu á sögu bæjarins, umhverfi og náttúru.”)

- Umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar - þar kemur fram í kafla um umhverfisfræðslu; Upplýsingar varðandi loftmengum, sorp og fleira skulu gerðar aðgengilegar og skilmerkilegar. Umhverfisfræðsla verði eflid fyrir starfsmenn Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær skal efla úti/grenndarkennslu í skólum bæjarins með áherslu á umhverfis- og náttúruskilning- og vernd. Miðlar Hafnarfjarðar skulu auka áherslu á umhverfis- og náttúruverndarmálefni. Í kafla um útivist og heilbrigðan lífsstíl segir; “Aðgengi og umhirða skal bætt á útivistarsvæðum bæjarins. Hafnarfjarðarbær ráðist í stefnumótun og aðgerðaráætlun fyrir samgöngur við útivistarsvæði í landi Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær skal finna farveg fyrir hugmyndir um óhefðbundið notagildi útivistarsvæði. Mótun verði stefna um útivist og ferðaþjónustu í Hafnarfirði með náttúruvernd að leiðarljósi.”

Fræðilegur bakgrunnur

Ætlunin er að vinna eftir PRECEDE-PROCEED (PP) skipulagsmótelinu sem er þróað til að auka gæði stefnumótunar og aðgerða á sviði heilsueflingar. Með röð greiningaskrefa stuðlar PP að bæði sé tekið tillit til einstaklings- og umhverfisþátta sem hafa áhrif á heilsu og heilustengda hegðun. Greiningaskrefin eru átta, þ.e. 1. Félagslegt þrep, 2. Faraldsfræðilegt þrep, 3. Mennta- og vistfræðilegt þrep, 4. Stjórnunar og stefnumat (forgangsröðun íhlutunar), 5. Íhlutun, 6. Mat á framkvæmd, 7. Áhrifamat, 8. Heildarmat. Í fyrsta þrepi eru sett markmið út frá heilsueflingu miðað við 1. og 2. stigs forvarnir, í víðum skilningi. Í öðru þrepi er verkefnið skilgreint út frá erfðum, hegðun og umhverfi. Í þriðja þrepi eru mikilvægustu hegðunar- og umhverfisþættir (áhrifaþættir) skilgeindir. Í fjórða þrepi eru þættir dregnir út sem þarf að breyta og viðhalda. Lokaskipulag fyrir framkvæmd á sér stað í fimmta þrepi, stefnur, aðföng og aðstæður sem gætu hjálpað eða hindrað framkvæmd verkefnisins eru dregin fram. Í þrepum sex til átta er unnið að mati.

Við útfærslu verkefnisins verður einnig stuðst við kenningar um innri áhugahvöt. Um reynslunám er að ræða – þar sem nemendur læra með því að gera.

Áhugaverðir samstarfsaðilar

- Gufunesbær, útinám
- Samtök áhugafólks um útinám
- Skátarnir
- UMFÍ, ungmenna- og tómstundabúðir
- European Outdoor Education Network
- Félagasamtök og hópar innan Hafnarfjarðabæjar

Aðgerðaráætlun

Við leggjum áherslu á að hafa ætíð fagleg og fræðileg vinnubrögð að leiðarljósi

Fyrsti hluti aðgerðaráætlunar

júní – ágúst 2019

- Vinna PRECEDE-PROCEED (PP) skipulagsmótelið

Haustönn 2019 (ágúst – desember 2019)

- Vinna PRECEDE-PROCEED (PP) skipulagsmótelið
- Kortleggja græn svæði í Hafnarfirði og finna hverju og einu vettvang til fræðslu og útivistar
- Framsetning grænna svæða
- Vinna að skipulagningu í samráði við Hafnarfjarðarbæ
- Útbúa fjórar vísindakistur og koma þeim fyrir á viðeigandi stöðum þar sem skólar hafa greiðan aðgang að
- Kynning og markaðsmál
- Vinna að skipulagningu í samráði við Hafnarfjarðarbæ

Annar hluti aðgerðaráætlunar

Vorönn 2020 (janúar – maí 2020)

- Vinna að skipulagningu í samráði við Hafnarfjarðarbæ
- Vinna að skipulagningu í samráði við væntanlega samstarfsaðila

- Kynning og markaðsmál
- Útbúa fleiri vísindakistur og koma þeim fyrir á viðeigandi stöðum þar sem skólar hefðu greiðan aðgang að
- Viðhalda vísindakistum sem þegar eru komnar upp

Þriðji hluti aðgerðaráætlunar

Haustönn 2020

- Skipuleggja þematengd umhverfis/náttúrulífs/útivistar námskeið sem skólar gætu nýtt sér. Í framhaldinu starfsfólk bæjarins og ýmsir hópar

Vorönn 2021

- Sækja námskeið, fræðslu, fundi og ráðstefnur sem sérhæfa sig í útinámi
- Vinna að sjálfböðastarfi með öllum aldrushópum, t.d. varðandi plokk, merkingar og stígagerð.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun fyrir **fyrsta hluta Útilífsmiðstöðvar**, þ.e. júní til desember 2019.

Hvað	Einingar	Heildarkostn.
Kortlagning á bæjarfélagi		250.000.-
Vísindakistur	4x250.000.-	1.000.000.-
Sérfræðikostnaður		250.000.-
Vefvinna og kynningarkostnaður		300.000.-
Ófyrirséð		200.000.-
Laun verkefnastjóra		1.500.000.-
Samtals:		3.500.000.-